

## Efnistaka af hafsbotni í Fossfirði við Arnarfjörð

### Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Efnistaka af hafsbotni í Fossfirði við Arnarfjörð
Framkvæmdaraðili	Björgun ehf.
Sveitarfélag	Utan netlaga.
Tegund framkvæmdar	2.04

<b>Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)</b>
Framkvæmdin er efnistaka af hafsbotni í Fossfirði við Arnarfjörð til rannsóknar á eiginleikum efnisins með frekari vinnslu í huga. Fyrirhugað er að dæla upp allt að 300 m <sup>3</sup> af mól og sandi og er áætlað að nýta einn dag til dælingar á sýnum. Framkvæmdasvæðið er um 23.300 m <sup>2</sup> og felst framkvæmdin í að taka 6 sýni allt að 50 m <sup>3</sup> af efni hvert, samtals 300 m <sup>3</sup> .
Eftir að efninu hefur verið dælt upp verða gerðar greiningar og steypuprófanir.

Var leitað umsagna?	(Já)
Ef já, frá hverjum og hverjar eru helstu ábendingar þeirra sem áhrif hafa á ákvörðunina?	
Áður en Skipulagsstofnun hafði borist formleg tilkynning frá framkvæmdaraðila, hafði Orkustofnun óskað eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og bæjarráði Vesturbyggðar vegna umsóknar Björgunar ehf. um leyfi til tilraunatöku á mól og sandi. Því taldi Skipulagsstofnun að ekki væri tilefni til að óska sérstaklega umsagna, en fékk þess í stað umsagnir sem Orkustofnun höfðu borist. Enginn umsagnaraðili gerði athugasemdir við umrædda tilraunatöku.	

Hefur framkvæmdin áhrif á:	Já/nei	Eru áhrifin líkleg til að verða mikil? Skýrið.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar	Nei	
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi	Nei	
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá	Nei	
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlægum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)	Nei	
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum	Já	Í Fossfirði eru kalkþörungar sem er viðkvæmt búsvæði samkvæmt Osparsamningnum. Efnistakan er líkleg til að hafa óveruleg áhrif.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja	Nei	
Vatnsverndarsvæði	Nei	
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum	Nei	
Víðerni	Nei	
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun	Nei	
Fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi	Nei	
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)	Nei	
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur	Nei	
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar)	Nei	
Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)	Nei	
Loftgæði	Nei	
Menningarminjar	Nei	
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu	Nei	
Úrgangsmýndun	Nei	
Mengun og ónæði	Nei	
Slyshættu	Nei	

Dags. ákvörðunar	15. maí 2017
Ákvörðun	Ekki háð mati
Kærufrestur	20. júní 2017